



Keppnisgreinarreglur fyrir rallycross

Orðskýringar skáletraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef *AKÍ* www.akis.is

2022



GREIN 1 ALMENNT

Rallycross er hraðakeppni fyrir ökutæki á lokaðri braut.

GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar rallycross keppnir.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í keppnum öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 Keppnir eru haldnar samkvæmt Reglubók FIA (e. International Sporting Code, ISC), þessum keppnisgreinarreglum og sérreglum hvernar keppni.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum keppnisgreinarreglum og Reglubók FIA þá gilda reglur FIA.

GREIN 2 SKRÁNING

GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 Keppendum (keppnisliði) er heimilt að skrá sig mörgum sinnum í hvern flokk í hverri keppni.

2.1.2 Ekki er heimilt að tveir eða fleiri ökumenn keppi á sama ökutæki í hverri keppni.

2.1.2.a Hver ökumaður má aðeins aka einu ökutæki í hverjum flokki.

2.1.3 Ökumaður skal hafa mætt á að lágmarki eina æfingu á þeirri braut sem keppnin fer fram á.

2.1.3.a Keppnisstjóra, með samþykkt dómnefndar, er heimilt að falla frá þessari reglu telji hann ökumann hafa reynslu sem gefur tilefni til þess.

2.1.4 Í unglingsflokki má sá keppa sem verður að minnsta kosti 15 ára á árinu.

2.1.4.a Við 17 ára aldur er ökumaður ekki lengur gjaldgengur í unglingsflokki nema að hann verði 17 ára þegar Íslandsmót er hafið. Hefur keppandi þá undanþágu til að klára Íslandsmót í unglingsflokki.

GREIN 2.2 ÖKUTÆKI

2.2.1 Hvert ökutæki má aðeins nota í einum flokk í hverri keppni.

2.2.2 Ekki er heimilt að skipta út ökutæki í keppni eftir að skoðun ökutækja lýkur.

2.2.3 Ökutæki verður að uppfylla allar kröfur þess flokks sem það er notað í.

GREIN 3 KEPPNISFYRIRKOMULAG

GREIN 3.1 BRAUTIN

Sjá reglur um Gerð rallycrossbrauta á Íslandi á vef AKÍS, www.akis.is.

GREIN 3.2 KEPPNIN

3.2.1 Hver keppni samanstendur af valkvæmri forkeppni, tímatöku, þremur umferðum og úrslitum.

3.2.2 Á meðan á keppni stendur má einungis ökumaður vera í ökutækinu.

3.2.3 Keppandi, ökumaður eða liðstjóri skal alltaf vera við ökutæki meðan keppni fer fram.

3.2.4 Keppandi má hafa tvo aðstoðarmenn/þjónustuliða inni á píttsvæði og ber á þeim fulla ábyrgð.

3.2.4.a Keppnishaldara er heimilt að leyfa fleiri aðstoðarmenn á þeim forsendum sem hann ákveður.

3.2.4.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengnu samþykki keppnisráðs í rallycrossi.

3.2.5 Á píttsvæði er 5 km/klst hámarkshraði og ökumaður skal aka þar með fyllstu gát.

3.2.6 Dekkjahitun og spól er stranglega bannað á píttsvæði.

3.2.7 Um hegðun ökumanna í brautarakstri sjá Reglubók FIA, HEGÐUN Í MALARHRINGAKSTRI - Viðauki L-Kafli V (e.CHAPTER V - CODE OF DRIVING CONDUCT ON OFFROAD CIRCUITS í appendix L).

3.2.7.a Ekki má aka aftan á annað ökutæki.

3.2.7.b Aftanákeyrsla miðast við miðju afturhjól.

3.2.8 Þegar stöðva þarf keppni vegna:

3.2.8.a hættuástands eða þjófstarts er það gert með rauðu flaggi á öllum flaggpóstum og við marklínu;

3.2.8.a.i Ökumenn skulu þá hætta keppni og aka rólega að ráslínu eða fylgja leiðbeiningum starfsmanna.

- 3.2.8.a.ii** Brautarstjóri ræður hvaða *ökutækjum* er leyft að taka þátt í endurræsingu.
- 3.2.8.b** annarra óviðráðanlegra ástæðna, áður en forystuökutæki er komið yfir marklínu í einstökum riðlum, skal endurræsa með upprunalegri uppröðun riðilsins.

GREIN 3.3 RÆSING

- 3.3.1** Ræsing er úr kyrrstöðu án fylgdarbíls frá ráslínu.
- 3.3.1.a** Í tímatökum og forkeppni er ræst á ferð.
- 3.3.1.a.i** Heimilt er í sérreglum að útfæra fyrirkomulag ræsingar í tímatöku nánar.
- 3.3.2** Þegar raðað er upp á ráslínu skal kalla upp númer *ökutækis* tvisvar sinnum með mínútu millibili.
- 3.3.2.a** Þegar *ökutæki* er ekki mætt á ráslínu eftir annað útkall fær það eina mínútu til að mæta en fellur annars úr umferðinni.
- 3.3.3** Fyrir ræsingunni sýnir ræsir merki og 5 sekúndum síðar má hann ræsa riðilinn.
- 3.3.3.a** Ræsir skal vera staðsettur þannig að allir *ökumenn* sjái hann greinilega.
- 3.3.4** Viðgerðartími fyrir ræsingunni úrslitum skal vera lágmark 5 mínútur frá því að síðasta riðli *ökutækis* lauk.
- 3.3.4.a** Smá viðgerðir á ráslínu eru einungis leyfðar ef endurræst er, til dæmis, skipta um dekk og þess háttar.
- 3.3.5** Séu merktar aksturslínur þar sem ræsing fer fram verða *keppendur* að halda sig innan þeirra þar til þeim líkur. Krossun á aksturslínunum í ræsingunni er farið með sem þjófstart.
- 3.3.6** Þjófstarti *ökutækis* skal stöðva akstur með rauðu flaggi.
- 3.3.6.a** Það *ökutæki* sem þjófstartaði skal ræst fyrir aftan aftasta *ökutæki*.
- 3.3.7** Þjófstarti *ökutækis* tvisvar í sama riðli varðar það brottvísun úr riðlinum.
- 3.3.8** Þjófstart ákvarðast af:
- 3.3.8.a** Ákvörðun staðreyndadómara við ráslínu.
- 3.3.8.b** Notkun ljósgeisla.
- 3.3.8.c** Myndbandsupptöku.

GREIN 3.4 MERKINGAR ÖKUTÆKJA

GREIN 3.4 MERKINGAR ÖKUTÆKJA

- 3.4.1** Auðkennisnúmer
- 3.4.1.a** *Ökutæki* skal bera merkimiða með keppnisnúmeri þess sem eru:
- 3.4.1.a.i** 22 sm háir gulir stafir á svörtum fleti á aftari hliðarrúðum báðum megin.
- 3.4.1.a.ii** 12 sm háir gulir stafir á svörtum fleti á á vinstra horni vélarhlífar og/eða í framrúðu hægra megin.
- 3.4.1.a.iii** Litur á stöfum skal vera í Pantone 803 c, lit, í Ariel Narrow bold lettri, með hefðbundnu hlutfalli hæðar og víddar hvers tölustafs.
- 3.4.1.b** Heimilt er að hafa merkimiðana allt að 3x stærri en uppgefin mál og skulu þá flötur og letur stækka hlutfallslega jafn mikið.
- 3.4.2** Vanti merkimiða (grein 3.4.1.a.i) þegar *ökutæki* mætir á ráslínu, fær það ekki heimild til að ræsa í viðkomandi umferð.
- 3.4.3** Auglýsingar á *ökutækjum*
- 3.4.3.a** *Keppnishaldara* er heimilt að láta setja auglýsingar á *ökutæki* *keppenda*.
- 3.4.3.b** Auglýsingar *keppnishaldara* á *ökutækjum* *keppenda* mega vera:
- 3.4.3.b.i** undir merkimiða með keppnisnúmeri;
- 3.4.3.b.ii** 25x120 sentimetra borði efst á framrúðu;
- 3.4.3.b.iii** 40x20 sentimetra flötur í hliðarrúður eða ofarlega á afturbretti.
- 3.4.3.c** Auglýsingar *keppnishaldara* á *ökutækjum* *keppenda* mega ekki trufla útsýni *ökumanns*.
- 3.4.3.d** *Keppandi* skal sjálfur sjá um að setja auglýsingar frá *keppnishaldara* á *ökutæki* sitt.
- 3.4.3.e** *Keppnishaldara* er heimilt að sleppa *keppanda* við að merkja *ökutæki* sitt með auglýsingum hans gegn greiðslu gjalds sem hann ákveður og þarf þá að vera auglýst í skráningarformi *keppinnar*, þó aldrei hærra en kr. 20.000 fyrir hvert *ökutæki*.

GREIN 3.5 SKOÐUN

- 3.5.1** *Keppandi* eða *ökumaður* skulu vera við *ökutæki* sitt meðan skoðun þess fer fram.
- 3.5.2** Við skoðun skal *ökumaður* vera í keppnisgalla og með allan persónulegan öryggisbúnað með sér.



GREIN 3.6 FORKEPPNI

- 3.6.1** Þegar fleiri en 24 keppendur eru *skráðir* til *keppni* í sama flokki er keppnishaldara heimilt að halda forkeppni.
- 3.6.1.a** Hyggist keppnishaldari halda sér forkeppni skal þess getið í *sérreglum* keppinnar.
- 3.6.2** Í forkeppni ekur hvert *ökutæki* fjóra tímamælda hringi í röð og gildir hraðasti hringur til úrslita í henni.
- 3.6.3** Upp úr forkeppni komast þeir 24 *keppendur* sem hafa bestu tímana í henni.

GREIN 3.7 TÍMATAKA

- 3.7.1** Tímataka sker úr um röðun við ráslínu í riðlum fyrstu umferðar. *Ökutæki* verða því að aka tímátöku til að vinna sér inn valrétt á stöðu við ráslínu.
- 3.7.2** *Ökutæki* sem ekki fá skráðan tíma í tímátöku ræsa fyrir aftan aftasta *ökutæki* sem vinnur sér inn stöðu á ráslínu.
- 3.7.3** Þegar fleiri en eitt *ökutæki* fá ekki skráðan tíma í tímátöku ræður keppnisstjóri með samþykkt dómnefndar innri röðun *ökutækja*.
- 3.7.4** Í tímátöku má hvert *ökutæki* aka að hámarki þrjá tímamælda hringi.

GREIN 3.8 UMFERÐIR

- 3.8.1** Eknar skulu þrjár umferðir að loknum tímátökum.
- 3.8.2** Í hverri umferð skal aka 3.000 til 8.000 metra.
- 3.8.2.a** Eknir skulu fimm hringir í hverri umferð.
- 3.8.3** *Ökutæki* telst hafa lokið umferð þegar það er flaggað út við marklínu.
- 3.8.4** Árangur *ökutækis* í umferð skal mældur í tíma eða úrslitum.
- 3.8.5** Við uppröðun á ráslínu í fyrstu umferð skulu tímar úr tímátöku ráða valrétti á rásstöðu í *braut*.
- 3.8.6.a** Í annarri umferð ræðst hann af úrslitum í fyrstu umferð.
- 3.8.6.b** Í þriðju umferð ræðst hann af úrslitum í annarri umferð.
- 3.8.6.c** Í úrslitum ræðst hann af samanlögðum tveimur bestu úrslitum í umferðum 1, 2 og 3.
- 3.8.7** Ljúki *ökutæki* ekki tveimur umferðum fellur það úr *keppni*.

GREIN 3.9 RIÐLAR

- 3.9.1** Hverjum keppnisflokki má skipta í riðla.
- 3.9.1.a** Fjöldi *ökutækja* skal vera sem jafnastur í riðlum.
- 3.9.2** Áður en *keppni* hefst skal keppnisstjóri gera *keppendum* grein fyrir fjölda *ökutækja* í hverjum riðli.
- 3.9.3** Til að minnka hættu skal takmarka fjölda *ökutækja* í hverjum riðli við 12.
- 3.9.4** Sérstakar takmarkanir eru á fjölda *ökutækja* í hverjum riðli í unglingsflokki:
- 3.9.4.a** Hámark 8 *ökutæki* á *braut* undir 10 metrum að breidd;
- 3.9.4.b** Hámark 10 *ökutæki* á *braut* yfir 10 metrum að breidd.
- 3.9.5** Þegar fjöldi *ökutækja* í flokki, öðrum en unglingsflokki, er meiri en hægt er að keyra í einu í *brautinni* verður *ökutækjum* skipt upp í riðla.
- 3.9.5.a** *Ökutæki* með besta tíma í tímátökum fer í riðil 1 í umferðum 1-3, það með næst besta tíma í riðil 2, þriðja besta tíma í riðil 1, fjórða besta tíma í riðil 2 og svo framvegis.
- 3.9.5.b** Í A úrslit komast þau sex *ökutæki* úr hvorum riðli sem bestu samanlögð sæti hafa úr tveimur af sínum bestu umferðum.
- 3.9.5.c** Önnur *ökutæki* fara í B úrslit.
- 3.9.5.d** Séu tvö eða fleiri jöfn í sæti skal árangur úr fyrstu umferð ráða.
- 3.9.5.e** Hafi tvö eða fleiri *ökutæki* einnig verið jöfn í fyrstu umferð skal betri tími í tímátöku skera úr um uppröðun.
- 3.9.6** Þegar fjöldi *ökutækja* í unglingsflokki er meiri en 10 verður þeim skipt upp í riðla.
- 3.9.6.a** Þegar fjöldi *ökutækja* er 9-16 / 11-20 miðað við breidd á *braut*.
- 3.9.6.a.i** *Ökutæki* með besta tíma í tímátökum fer í riðil 1 í umferðum 1-3, það með næst besta tíma í riðil 2, þriðja besta tíma í riðil 1, fjórða besta tíma í riðil 2 og svo framvegis.
- 3.9.6.a.ii** Í A úrslit komast þau 4/5 *ökutæki* úr hvorum riðli sem bestu samanlögð sæti hafa úr tveimur af sínum bestu umferðum.
- 3.9.6.a.iii** Niðurstaða A úrslita sker úr um röð *ökutækja* í sæti 1-8/10 í lokaúrslitum. Fjöldi fer eftir breidd *brautar*.
- 3.9.6.a.iv** Önnur *ökutæki* fara í B úrslit.
- 3.9.6.a.v** Niðurstaða B úrslita sker úr um röð *ökutækja* í sæti 9-16/11-20 í lokaúrslitum.
- 3.9.6.b** Þegar fjöldi *ökutækja* er 17-24 / 21-30 miðað við breidd á *braut*.
- 3.9.6.b.i** *Ökutæki* með besta tíma í tímátökum fer í riðil 1 í umferðum 1-3, það með næst besta tíma í riðil 2, þriðja besta tíma í riðil 1, fjórða besta tíma í riðil 2 og svo framvegis.

- 3.9.6.b.ii** Í A úrslit komast þau 3/4 ökutæki úr hverjum riðli sem bestu samanlögð sæti hafa úr tveimur af sínum bestu umferðum.
- 3.9.6.b.iii** Niðurstaða A úrslita sker úr um röð ökutækja í sæti 1-9/12 í lokaúrslitum. Fjöldi fer eftir breidd brautar.
- 3.9.6.b.iv** Í B úrslit komast þau næstu 3/4 ökutæki úr hverjum riðli sem bestu samanlögð sæti hafa úr tveimur af sínum bestu umferðum.
- 3.9.6.b.v** Niðurstaða B úrslita sker úr um röð ökutækja í sæti 10-16/13-24 í lokaúrslitum.
- 3.9.6.c** Séu tvö eða fleiri ökutæki jöfn í sæti eftir riðlakeppni skal árangur úr fyrstu umferð ráða röð þeirra.
- 3.9.6.d** Hafi tvö eða fleiri ökutæki einnig verið jöfn í fyrstu umferð skal betri tími í tímatöku skera úr um röð þeirra.
- 3.9.7** Verði úrslitaumferð í flokk ekin í tveimur riðlum munu B úrslit ekin á undan A úrslitum.
- 3.9.8** Riðli lýkur í síðasta lagi 2 mínútum eftir að fyrsta ökutæki fer yfir marklínu.

GREIN 3.10 ÚRSLITAFERÐ

- 3.10.1** Í úrslitaferð komast þeir sem bestu samanlögð sæti hafa úr tveimur af sínum bestu umferðum, sjá grein 3.8.
- 3.10.1** Séu tveir eða fleiri jafnir í sæti skal árangur úr fyrsta riðli ráða.
- 3.10.1.a** Hafi tveir eða fleiri einnig verið jafnir í fyrsta riðli skal betri tími í tímatöku skera úr um hver uppröðun verður.
- 3.10.2** Ökutæki verður að komast að ráslínu fyrir eigin vélarafli.
- 3.10.3** Ökutæki verður að taka þátt í *ræsingu* úrslitaferðar til að teljast hafa ekið hana.
- 3.10.4** Falli ökutæki úr keppni og endurræsing á sér stað eftir það, verður stæði ökutækisins autt í endurræsing.

3.11 STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA

- 3.11.1** Sá keppandi sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum *keppnum* til Íslandsmeistara telst Íslandsmeistari.
- 3.11.2** Stig til Íslandsmeistara eru gefin fyrir sæti í lokaúrslitum samkvæmt eftirfarandi töflu:
- | | |
|-------------------|-------------------|
| 1. sæti : 20 stig | 9. sæti : 8 stig |
| 2. sæti : 17 stig | 10. sæti : 7 stig |
| 3. sæti : 15 stig | 11. sæti : 6 stig |
| 4. sæti : 13 stig | 12. sæti : 5 stig |
| 5. sæti : 12 stig | 13. sæti : 4 stig |
| 6. sæti : 11 stig | 14. sæti : 3 stig |
| 7. sæti : 10 stig | 15. sæti : 2 stig |
| 8. sæti : 9 stig | 16. sæti : 1 stig |
- 3.11.3** Að auki eru gefin stig til Íslandsmeistara þannig að fyrir:
- 3.11.3.a** sæti í úrslitum riðla eru gefin stig samkvæmt eftirfarandi töflu:
- | |
|-------------------|
| 1. sæti : 10 stig |
| 2. sæti : 9 stig |
| 3. sæti : 8 stig |
| 4. sæti : 7 stig |
| 5. sæti : 6 stig |
| 6. sæti : 5 stig |
| 7. sæti : 4 stig |
| 8. sæti : 3 stig |
| 9. sæti : 2 stig |
| 10. sæti : 1 stig |
- 3.11.3.b** fyrir hraðasta hring í tímatökum í hverjum flokki eru gefin 3 stig til Íslandsmeistara, fyrir næst hraðasta hring 2 stig og þriðja hraðasta hring 1 stig.
- 3.11.4** Ökutæki verður að ljúka akstri í tveimur umferðum í keppni til að hann fái stig til Íslandsmeistara.
- 3.11.5** Stig til Íslandsmeistara tekin af keppanda – Afleiðing vegna áminningar.
- Eftir 3 áminningar á keppnistímabili: 3 stig tekin af
 - Eftir 4 áminningar á keppnistímabili: 5 stig tekin af
 - Eftir 6 áminningar á keppnistímabili: 10 stig tekin af

GREIN 4 JÓKER

GREIN 4.1 SKILGREINING

- 4.1.1** Jóker er einn hringur í hverri umferð og úrslitaferðum *keppni*, sem er að hluta með aðra akstursleið en hefðbundin *leið brautarinnar*.

4.1.2 Jóker verður að vera þannig gerður að hann sé lengur ekinn en hraðasti hringur sem næst í tímatökum í hverjum flokki.

4.1.3 Ökutæki sem aka jóker eiga að geta verið á sama hraða út úr honum og er á hefðbundinni akstursleið brautarinnar.

GREIN 4.2 SKILYRÐI

4.2.1 Öll ökutæki verða að aka jóker einu sinni í hverjum riðli og úrslitaferð.

4.2.2 Þegar ökutæki kemur úr jóker skal það víkja fyrir ökutæki sem er að aka hefðbundna akstursleið brautarinnar.

GREIN 4.3 REFSINGAR

4.3.1 Ökutæki sem sleppir jóker í umferð telst ekki hafa klárað hana og skal ræsa fyrir aftan aftasta ökutæki í næstu umferð.

4.3.1.a Sleppi fleiri en eitt ökutæki jóker í sama riðli færast þau aftast í sömu innbyrðis röð og þau voru við ræsingu hans.

4.3.2 Aki ökutæki fleiri en einn jóker í sömu umferð telst það ekki hafa lokið þeirri umferð.

GREIN 5 ÖRYGGISMÁL

GREIN 5.1 PERSÓNULEGUR BÚNAÐUR ÖKUMANNS

5.1.1 Ökumaður skal hafa eftirfarandi búnað:

5.1.1.a Hjálm, opinn eða lokaðan, samkvæmt stöðlum AKÍS/FIA (FIA tæknilisti N°25).

5.1.1.b HANS búnað með viðurkenningu frá FIA (FIA 8858) eða SFI (SFI 3.3).

5.1.1.c Keppnisgalla sem er lágmark tveggja laga eldheldur heilgalli með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000), SFI (SFI 3.2A/5 eða hærra).

5.1.1.d Keppnishanska með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

5.1.1.e Keppnissskó með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

5.1.1.f Lambhúshettu með viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

5.1.1.g Undirföt (síðerma bol, buxur, sokka) með viðurkenningu frá FIA (8856) eða SFI (SFI 3.3/5 eða hærra).

5.1.2 Myndavélar eða annar aukabúnaður festur á hjálm eða ökumann á annan hátt er bannaður.

GREIN 5.2 BRAUTARVERÐIR

5.2.1 Brautarverðir skulu staðsettir með hámark 200 metra millibili við brautina en þó þannig að hver brautarvörður sjái ávallt til næsta brautarvarðar á báðar hendur.

5.2.2 Hver brautarvörður skal hafa hjá sér:

5.2.2.a slökkvitæki;

5.2.2.b sett af flöggum samkvæmt grein 5.4, utan köflotta flaggsins.

5.2.2.c hitaþolna og einangrandi vinnuhanska.

5.2.3 Brautarvörður við marklínu skal hafa köflótt flagg meðferðis.

5.2.4 Brautarvörður skal nota flögg eins og kveðið er á um í grein 5.4.

GREIN 5.3 ÖRYGGISBÚNAÐUR VIÐ BRAUTINA

5.3.1 Slökkvitæki skulu staðsett með lágmark 200 metra millibili meðfram allri brautinni.

GREIN 5.4 FLÖGG OG MERKJAGJÖF

5.4.1 Brautarverðir gefa öikumönnum merki með eftirfarandi flöggum:



Köflótt flagg, því skal flaggað í lok riðils og/eða keppni.



Svart/hvít (skiptist horn í horn) þvít er haldið kyrru ásamt númeri ökutækis og merkir háskalegan akstur.



Svart flagg ásamt númeri viðkomandi keppanda þýðir að keppandi hefur verið dæmdur úr riðli/keppni.



Svart með gulum hring, er notað með númeri keppanda og merkir að tæki hans sé ekki í lagi og geti skapað hættu fyrir hann og aðra. Keppandi skal fara inn á viðgerðarsvæði umsvífalaust í næsta hring.



Gult flagg merkir hindrun í braut, ef *ökutæki* er hindrunin og *ökumaður* er í ökutækinu skal flagginu veifað, sé ökumaðurinn er kominn út bílnum skal flagginu haldið úti.



Rautt flagg merkir að *keppni* hefur verið stöðvuð og skulu keppendur aka inn á ráslnu og bíða fyrir mæla keppnisstjóra.



Blátt flagg þýðir að keppandi hindri framúrakstur og skuli víkja strax.

5.4.2 Brot á flaggreglum geta varðað refsingum, jafnvel brottvísun úr keppni, samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

Grein 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.5.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.5.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða ökumenn, telji hann þörf á því.

5.5.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.5.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.5.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

GREIN 6 KEPPNISFLOKKAR

GREIN 6.1 REGLUR SEM GILDA FYRIR ALLA FLOKKA

6.1.1 Keppnisstjóra með samþykki dómnefndar er heimilt að færa keppendur um flokk fram að ræsingu fyrstu ferðar í tímatöku.

6.1.2 Körfustóll með höfuð spjöldum er skylda og skal hann bera vottun *FIA* til notkunar í rallycrosskeppni. Þessi regla tekur gildi strax í unglingsflokk frá og með árinu 2022, aðrir flokkar hafa frest til til ársins 2023, þá verða öll ökutæki að vera samkvæmt þessari reglu.

6.1.3 Öryggisbelti skulu vera samkvæmt stöðlum *FIA* eða *SFI*, með lágmark 5 punkta festingum.

6.1.4 Ökutækið skal vera með öryggisbúr samkvæmt reglum *FIA*, viðauka J, grein 253-8.

6.1.4.a Um sérsníðuð farartæki (undir það falla buggybílar og röragrindur) gilda eftirfarandi frávik.

6.1.4.a.i Sérsníðuð farartæki yfir 600kg veltibúr: lágmark 45x2.5mm í aðalboga og annað lágmark 38x2.0mm.

6.1.4.a.ii Sérsníðuð farartæki undir 600kg veltibúr: Lágmarks efni 38x2.5mm í aðalboga og annað lágmark 38x2.0mm.

6.1.5 Dráttarlykkjur skulu vera framan og aftan á ökutækinu og mega þær ekki ná út fyrir yfirbygginguna.

6.1.6 Óheimilt er að hafa varadekk í ökutækinu.

6.1.7 Allir loftpúðar skulu fjarlægðir úr ökutækinu.

6.1.8 Eldsneytisinnngjöf skal útbúin með þeim hætti að ef hún aftengist færast gangur vélar sjálfkrafa í hægagang.

6.1.9 Aurhlífar eru skylda og skulu þær ná 5 sentimetra út fyrir felgur og vera hámark 4 sentimetra frá jörðu þegar ökutækið stendur eðlilega í öll hjól og ná að 2/3 hlutum hæðar hjóls.

6.1.9.a Efnisval skal taka mið af því að aurhlífar séu áhrifarík takmörkun á grjótkasti frá ökutækinu.

6.1.10 Straumrofi er skylda. Skal hann vera með snerli eða handfangi og greinilega merktur af/á (on/off).

6.1.10.a Straumrofa eða haldfang tengt straumrofa skal staðsetja fyrir framan framrúðu ökumannsmegin.

6.1.10.b Straumrofi á að rjúfa allan straum og drepa á ökutækinu.

6.1.11 Baksýnispegill skal vera inni í ökutækinu eða hliðarspeglar á báðum hliðum.

6.1.12 Ökutækið skal hafa rúðuþurrkur og rúðupiss.

6.1.13 Tvö vel sýnileg og virkandi rauð bremsuljós skulu vera staðsett á afturhluta ökutækis, styrkur ljóssins skal vera lágmark 15 watta glópera eða 6 watta LED ljós í lágmark 60 sentimetra hæð frá jörðu.

- 6.1.13.a Öll glerljós skal fjarlægja.
- 6.1.13.b Allar glóperur aðrar en bremsuljósaperur skal fjarlægja.
- 6.1.14 Stýrslás skal fjarlægður.
- 6.1.15 Ökutæki telst lokað þegar allar rúður/plast eru í því, á sínum stað.
- 6.1.15.a Blæjubílar teljast ekki lokað ökutæki.

GREIN 6.2 STANDARD 1000 FLOKKUR

- 6.2.1 Allar reglur í grein 6.1 gilda um þennan flokk.
- 6.2.2 Ökutæki með drif á einum öxli og vél með slagrymi undir 1050 rúmsentimetrum.
- 6.2.2.a Slagrymi uppgefin af framleiðanda gilda.
- 6.2.2.b Ef ökutæki er upprunalega með turbo skal rúmtak vélar uppreiknast með stuðlinum 1,7.
- 6.2.3 Lágmarksþyngd á ráslínu með ökumanni er 850 kílógrömm.
- 6.2.4 Hámarksþyngd er 1300 kílógrömm.
- 6.2.5 Upprunalegu útliti skal halda, það er, stuðurum, grilli, hurðum ofl.
- 6.2.5.a Brettin skulu hylja alla hjólbreiddina.
- 6.2.6 Burðarvirki skal vera óbreytt á milli fram og aftur demparaturna.
- 6.2.6.a Krumpusvæði fyrir framan demparaturna að framan og aftur turna að aftan verða að vera óbreytt nema breytingarnar teljist sambærilegar upprunalegri högun og séu gerðar með plötuefni með hámarks þykkt 1,5 millimetrar. Þetta á einnig við um vatnskassabita og framstykki (sjá mynd 1 í viðauka A). Vatnskassabita má smíða úr hámark 1,5 mm plötuefni eða nota prófíl efni hámark 70 mm x 30 mm og 1.5 mm þykkt. Hann má ekki ná fram fyrir stuðarabita eða grindarenda, en það má festa hann í grindarbita. Leyfilegt er að festa hlífðarpönnu við hann.
- 6.2.7 Stuðarabitar að framan eru bannaðir.
- 6.2.7.a Allar styrkingar í stuðurum sem eru úr málmí eða hörðu plasti eru bannaðar fyrir framan framstykki nema burðarvirki ökutækis sé þannig hannað að þær séu hluti af því.
- 6.2.7.b Ef þörf er á styrkingu fyrir framan framstykki má einungis nota ál prófíl í stærðinni 60 mm x 30 mm með 3 millimetra efnisþykkt.
- 6.2.7.b.i Prófíl efnið má skrúfa í grindarbita og skal prófíllinn vera lárétt á milli þeirra og má ekki fara út fyrir hliðar á grindarbita (sjá mynd 13 í viðauka A).
- 6.2.8 Hvalbaksbreytingar eru bannaðar.
- 6.2.9 Læsingarbúnaður á hurðum skal vera óbreyttur. Tryggt skal að hurðir opnast ekki í akstri.
- 6.2.10 Ökumannshurð skal vera með hurðaspjaldi eða annarri klæðningu.
- 6.2.11 Upprunaleg húddlæsing skal fjarlægð og húddi skal lokað með þar til gerðum húddlæsingum.
- 6.2.12 Mælaborð og mælaborðseiningu má ekki fjarlægja.
- 6.2.13 Hjólkoppa og útstæða hluti skal fjarlægja.
- 6.2.14 Hlífðarpanna er leyfileg, en hún má ekki standa út fyrir fram eða afturhluta ökutækisins.
- 6.2.15 Ökutæki skulu vera lokað.
- 6.2.16 Framrúða skal vera úr lamineruðu öryggisglari eða lexan plasti og þá lágmark 5 millimetra þykk.
- 6.2.16.a Leyfilegt er að setja net fyrir framan framrúðu ef það hindrar ekki útsýni ökumanns.
- 6.2.16.b Aðrar rúður skulu vera í ökutækinu eða lágmark 2 millimetra þykkt lexan plast í þeirra stað.
- 6.2.17 Eldveggur milli ökumannsrýmis og vélarrýmis skal vera þéttur.
- 6.2.18 Vatnsrör og kælikerfi skulu vera óbreytt.
- 6.2.19 Hjólábúnaður og fjöðrun skal vera óbreytt.
- 6.2.20 Hemlar skulu vera óbreyttir.
- 6.2.20.a Hemlarör og slöngur skulu vera heil og óskemmd.
- 6.2.21 Eldsneyti skal vera fánlegt á almennri bensinstöð á Íslandi.
- 6.2.21.a Íblöndunarefni eru bönnuð í eldsneyti.
- 6.2.21.b Rafmagn er ekki leyfilegt sem orkugjafi ökutækis.
- 6.2.22 Eldsneytiskerfi skal vera óbreytt.
- 6.2.22.a Eldsneytislagnir skulu vera heilar og óskemmdar.
- 6.2.23 Rafgeymir og staðsetning hans skal vera óbreytt.
- 6.2.24 Allar breytingar á vél eru bannaðar.
- 6.2.25 Breyting á staðsetningu vélar er bönnuð.
- 6.2.26 Upprunaleg gerð pústgreinar skal vera í ökutækinu.
- 6.2.27 Útblástursrör skal vera aftur fyrir ökutækid.
- 6.2.28 Loftinntak vélar skal vera í vélarrými.
- 6.2.29 Gírkassi skal vera af upprunalegri gerð.
- 6.2.30 Allar driflæsingar eru bannaðar



6.2.31 Eingöngu radial sumarhjólabarðar eru leyfðir

6.2.31.a Hjólabarðar merktir M/S (Mud/Snow) eru bannaðir nema annað sé tekið fram í *sérreglum*.

6.2.31.b Hámarks breidd hjólabarða er 185 millimetrar.

6.2.31.c Naglar og keðjur eru bannaðar.

6.2.31.d Rallyhjólabarðar eru bannaðir.

6.2.31.e Allur skurður á dekkjum er bannaður.

6.2.31.f Slikkar og hrágúmmídekk eru bönnuð.

6.2.31.g Lágmarks treadware dekkja er 220.

6.2.31.g.i Gefi framleiðandi ekki upp treadware ákveður skoðunarmaður hvort dekk teljast gjaldgeng.

GREIN 6.3 1400 FLOKKUR

- 6.3.1** Allar reglur í grein 6.1 gilda um þennan flokk.
- 6.3.2** Ökutæki með drif á einum öxli, slagrymi vélar undir 1450 rúmsentimetrum og hámark 100 hestöfl.
- 6.3.2.a** Slagrymi og hestöfl uppgefin af framleiðanda gilda.
- 6.3.3** Turbo og nitro er bannað.
- 6.3.4** Lágmarksþyngd á ráslínu með ökumanni er 1000 kílógrömm.
- 6.3.5** Hámarksþyngd er 1300 kílógrömm.
- 6.3.6** Upprunalegu útliti skal halda, það er, stuðurum, grilli, hurðum ofl.
- 6.3.6.a** Brettin skulu hylja alla hjólbreiddina.
- 6.3.7** Burðarvirki skal vera óbreytt á milli fram og aftur demparaturna.
- 6.3.7.a** Krumpusvæði fyrir framan demparaturna að framan og aftur turna að aftan verða að vera óbreytt nema breytingarnar teljist sambærilegar upprunalegri högun og séu gerðar með plötuefni með hámarks þykkt 1,5 millimetrar. Þetta á einnig við um vatnskassabita og framstykki (sjá mynd 1 í viðauka A).
- 6.3.8** Stuðarabitar að framan eru bannaðir.
- 6.3.8.a** Allar styrkingar í stuðurum sem eru úr málmí eða hörðu plasti eru bannaðar fyrir framan framstykki nema burðarvirki ökutækis sé þannig hannað að þær séu hluti af því.
- 6.3.8.b** Ef þörf er á styrkingu fyrir framan framstykki má einungis nota ál prófíl í stærðinni 60 mm x 30 mm með 3 millimetra efnisþykkt.
- 6.3.8.b.i** Prófíl efnið má skrúfa í grindarbita og skal prófíllinn vera lárétt á milli þeirra og má ekki fara út fyrir hliðar á grindarbita (sjá mynd 13 í viðauka A).
- 6.3.9** Hvalbaksbreytingar eru bannaðar.
- 6.3.10** Læsingarbúnaður á hurðum skal vera óbreyttur. Tryggt skal að hurðir opnast ekki í akstri.
- 6.3.11** Ökumannshurð skal vera með hurðaspjaldi eða annarri klæðningu.
- 6.3.12** Upprunaleg húddlæsing skal fjarlægð og húddi skal lokað með þar til gerðum húddlæsingum.
- 6.3.13** Mælaborð og mælaborðseiningu má ekki fjarlægja.
- 6.3.14** Hjólkoppa og útstæða hluti skal fjarlægja.
- 6.3.15** Hlífðarpanna er leyfileg, en hún má ekki standa út fyrir fram eða afturhluta ökutækisins.
- 6.3.16** Ökutæki skulu vera lokað.
- 6.3.17** Framrúða skal vera úr lamineruðu öryggisglari eða lexan plasti og þá lágmark 5 millimetra þykk.
- 6.3.17.a** Leyfilegt er að setja net fyrir framan framrúðu ef það hindrar ekki útsýni ökumanns.
- 6.3.17.b** Aðrar rúður skulu vera í ökutækinu eða lágmark 2 millimetra þykk lexan plast í þeirra stað.
- 6.3.18** Eldveggur milli ökumannsrýmis og vélarrýmis og rými fyrir bensíntank og vatnskassa skal vera eldtraust og þétt.
- 6.3.19** Vatnsrör og kælikerfi skulu vera óbreytt.
- 6.3.20** Hjólabúnaður og fjöðrun skal vera óbreytt.
- 6.3.21** Hemlar skulu vera óbreyttir.
- 6.3.21.a** Hemlarör og slöngur skulu vera heil og óskemmd.
- 6.3.22** Eldsneyti skal vera fánlegt á almennri bensínstöð á Íslandi.
- 6.3.22.a** Íblöndunarefni eru bönnuð í eldsneyti.
